

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík



Reykjavík 25. maí 2020
UST202005-213/H.R.A.
05.01

Efni: Umsögn v/ mögulegar breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum.

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 8. maí 2020 þar sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskaði umsagnar Umhverfisstofnunar um mögulegar breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum í samræmi við 3. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.


Mosfellsbær óskaði þess, með erindi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, 3. apríl sl. að ráðuneytið kanni möguleika þess að Heilbrigðiseftirlitssvæði Kjósarsvæðis yrði lagt niður í núverandi mynd og heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar sameinist eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Jafnframt óskaði Seltjarnarnessbær afstöðu ráðuneytisins til þess að sama skapi, að Heilbrigðiseftirlitssvæði Kjósarsvæðis verði lagt niður í núverandi mynd og að heilbrigðiseftirlit Seltjarnarnessbæjar sameinist eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis eða að gerðar verði aðrar breytingar þannig að Seltjarnarnessbær verði ekki lengur hluti Kjósarsvæðis.

Ráðherra hefur heimild til að kveða á um sameiningu eftirlitssvæða í reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar skv. 3. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998. Samkvæmt 10. tl. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er starfssvæði Kjósarsvæðis Seltjarnarnessbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Umhverfisstofnun hefur ekki upplýsingar um forsendur þeirra erinda sem liggja fyrir frá framangreindum sveitarfélögum og veitir umsögn þessa því á grundvelli mats á skyldum heilbrigðiseftirlitsnefnda samkvæmt lögum. Fari ráðherra þá leið að verða við beiðni umræddra sveitarfélaga og sameina heilbrigðiseftirlit Seltjarnarnessbæjar og Mosfellsbæjar að eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, stæði sveitarfélagið Kjósarhreppur, að óbreyttu, eitt að Heilbrigðis-efirlitssvæði Kjósarsvæðis. Þrátt fyrir að lög standi ekki í vegi fyrir slíku fyrirkomulagi vill stofnunin þó benda á að slík skipan væri að mati stofnunarinnar ekki vel til þess fallin að standa undir þeim skyldum sem hvíla á heilbrigðisnefndum enda er sveitarfélagið fámennt og hefði hag að samvinnu við önnur sveitarfélög við heilbrigðiseftirlit. Skipan heilbrigðisnefnda tók á sínum tíma mið af kjördæmaskipan sem nú er breytt. Ef því viðmiði væri fylgt með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem höfð var hliðsjón af við setningu laga um hollustuhætti og mengunarvarnir væri rétt að Kjósahreppur sameinaðist einnig eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði. Ef ekki er grundvöllur fyrir því leggur Umhverfisstofnun til að heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis verði sameinuð heilbrigðisnefnd

Vesturlands. Yrðu eftirlitssvæði því 9 í stað 10 nú. Umhverfisstofnun bendir á að þrátt fyrir að hér að framan sé vísað til skiptingar heilbrigðiseftirlitssvæða með hliðsjón af kjördæmaskipan myndi það þjóna verkefnum í mengunarvörnum best ef starfssvæði heilbrigðisnefnda væri ávallt landfræðilega samfelld en því er ekki að heilsa með suðvesturkjördæmi.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
Forstjóri



Skúli Þórðarsson
Sviðsstjóri